

SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Borgartún 18 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 & 561 0775 · Símbref 561 0774

Alþingi

Erindi nr. P 127/1720

komudagur 9.4.2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík 9. apríl 2002.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignaskatt, með síðari breytingum, og lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, 156. mál.


Eins og fram kemur í greinargerð frumvarpsins voru frumvörp sama efnis flutt á 121. og 122. löggjafafingi. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að sjómannaafslátturinn verði afnuminn í þremur áföngum, þannig að hann verði að fullu afnuminn í upphafi ársins 2004.

Sjómannasamband Íslands bendir á að sjómannaafslátturinn er hluti af kjörum sjómanna. Því er það hrein móðgun við sjómannastéttina að lagt sé til að kjörin séu skert með þessum hætti án þess að samhliða sé ákveðið með hvaða hætti útgerðin taki við greiðslu afsláttarins, þannig að kjör sjómanna skerðist ekki vegna breytingarinnar.

Fyrir rétt um ári voru kjarasamningar sjómanna enn einu sinni framlengdir með lögum frá Alþingi. Það má vel vera rétt hjá flutningsmönnum frumvarpsins að hið opinbera sé að niðurgreiða laun til sjómanna fyrir útgerðina. Sé það tilgangur frumvarpsins að flytja launagreiðsluna frá ríkinu til útgerðarinnar væri eðlilegt að flutningsmenn tryggðu sjómönnum greiðsluna frá útgerðinni samhliða lagasetningu um afnám afsláttarins. Þegar lög voru sett á verkfall sjómanna árið 2001 var ekki að finna staf um að gerðardómur, sem settur var á með lögunum til að ákveða kjör sjómanna, ætti að fjalla um sjómannaafsláttinn. Um sjómannaafsláttinn var samið við gerð kjarasamninga og því engin rök fyrir því að taka hann af bótaust og láta síðan sjómönnum eftir að semja að nýju um það sem áður var fengið með kjarasamningi. Reynslan er sú að til að ná samningum fyrir sjómenn þarf verkfall. Reynsla síðasta áratugar er einnig sú að Alþingi grípi inn í kjaradeilur sjómanna og útvegsmanna með lagasetningu og komi þannig í veg fyrir að sjómenn nái fram eðlilegum kjarabótum til samræmis við aðrar stéttir í landinu. Því eru engin rök fyrir því að afnema sjómannaafsláttinn eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Sjómannasamband Íslands hafnar alfarið frumvarpinu og varar þingið við því að ráðast að kjörum sjómanna með þeim hætti að afnema sjómannaafsláttinn án þess að tryggt sé að sambærileg greiðsla komi til sjómanna frá útgerðinni.

f.h. Sjómannasambands Íslands,


Hólmgeir Jónsson.